

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi í landi Laugaskóla, Reykjadal.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur þann 21. júní 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að tvær nýjar lóðir fyrir einbýlishús (B8 og B9) eru skipulagðar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Kjarna, 10. júlí 2007.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. ágúst 2007